

9. gr.

Reglur þessar gilda fyrst í nóvember 1996 við uppgjör lausafjárhlutfalls vegna október 1996. Þar með falla úr gildi reglur um lausafjárhlutfall innlánsstofnana af innlendum skuldbindingum frá 8. apríl 1994.

Reykjavík, 23. september 1996.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

Steingrímur Hermannsson.

Nr. 507

18. september 1996

REGLUGERÐ**um (2.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði nr. 158/1996 .**

1. gr.

4. og 5. málsgrein 1. gr. orðast svo:

Greiðsla almannatrygginga á lyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð, þar sem það á við, en annars við gildandi hámarksverð í smásölu. Viðmiðunarverðið er það sama og smásöluhámarksverð ódýrasta samsvarandi lyfs sem lyfjaverðsnefnd gefur út í lyfjaverðskrá á þriggja mánaða fresti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gefur út lista yfir samsvarandi samheitalyf að fenginni umsögn lyfjanefndar ríkisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast gildi 1. október 1996. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 432/1996 um breytingu á reglugerð nr. 158/1996, um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. september 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 508

24. september 1996

REGLUGERÐ**um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.**

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/stk
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0
	<i>Annað:</i>				
0602.9030	Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0
	<i>Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar</i>				
0602.9041	Skógartré	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0
	<i>Annað:</i>				
0602.9045	Græðlingar með rót og unglöntur	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0
	<i>Aðrar útiplöntur:</i>				
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0
	<i>Inniplöntur:</i>				
0602.9070	Græðlingar með rót og ungpl. ekki kaktusar og þykkbl.	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0
	<i>Annað:</i>				
0602.9091	Kaktusar og þykkblöðungar	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0
0602.9092	Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0
0602.9093	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.10.-31.12.96	1.200	30	0
0602.9099	Annars (Pottapl. yfir 1 metri á hæð)	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0
	<i>Úr</i>				
<i>tollnúmeri:</i>					
0602.9093	Plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0
<i>Tollnúmer:</i>					
0603.1002	Innflutningur á öðrum tíma (Nellikur, lokaskegg, o.fl.)	01.10.-31.10.96	ótilgr.	15	48
0603.1003	Ættkvíslimar Prote, Bankasía o.fl.	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0
0603.1004	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.10.-31.12.96	3.200	30	0
0603.9000	Annað (Þurrkuð blóm)	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.10.-30.04.97	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi sem er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. maí 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. september 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um (24.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Fenbendazolium		PANACUR, VET, töflur 250 mg.	Dýralyf. Hver pakking lyfsins skal merkt: „Ormalyf í hunda og ketti.“ Skammtar: 1 tafla fyrir hver 5 kg líkamspunga. Lyfjagjöf þarf að endurtaka 3 daga í röð. Eyða skal saur meðan á lyfjagjöf stendur og 3-4 næstu daga.
Minoxidilum	Lyfjaform til útvortis notkunar t.d. áburður eða	REGAINE, áburður/hlaup.	Fylgiseðill á íslensku samþykktur af lyfjanefnd ríkisins fylgi með hverri

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi 1. október 1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. september 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.